

# Ársuppgjör Origo 2020

## 15% tekjuvöxtur á árinu 2020

### Helstu fjárhagsupplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 4.906 mkr á fjórða ársfjórðungi 2020 (13,1% tekjuvöxtur frá F4 2019) og 17.062 mkr á árinu (14,9% tekjuvöxtur frá 12M 2019) [F4 2019: 4.336 mkr, 12M 2019: 14.845 mkr]
- Framlegð\* nam 1.231 mkr (25,1%) á fjórða ársfjórðungi og 4.288 mkr (25,1%) á árinu [F4 2019: 1.325 mkr (26,3%), 12M 2019: 3.845 mkr (25,9%)]
- EBITDA\* nam 381 mkr (7,8%) á fjórða ársfjórðungi og 1.245 mkr (7,3%) á árinu 2020 [F4 2019: 302 mkr (7,0%), 12M 2019: 1.006 mkr (6,8%)]
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé var neikvætt um 255 mkr á fjórða ársfjórðungi, en var jákvætt um 156 mkr á árinu [F4 2019: -351 mkr, 12M 2019: -222 mkr]
- Heildartap nam 53 mkr á fjórða ársfjórðungi en heildarhagnaður ársins nam 408 mkr [F4 2019: Heildarhagnaður 15 mkr, 12M 2019: Heildarhagnaður 456 mkr]
- Eiginfjárlutfall er 56,5% en var 57,1% í lok árs 2019
- Veltufjárlutfall er 1,27 en var 1,34 í lok árs 2019

### Helstu fréttir úr starfsemi:

- Frábær vinna starfsfólks í að vinna við breyttar aðstæður
- Sterkur tekjuvöxtur í notendabúnaði og góð afkoma í kjölfar áherslubreytinga
- 152% vöxtur í netverslun
- Viðsnúningur hjá Hugbúnaðarlausnum á seinni helmingi árs
- Góður vöxtur í tekjum áskriftavara í hugbúnaði
- Umbreytingaár fyrir rekstrarþjónustu. Skýjalausnir vaxa hraðar en miðlægir innviðir
- Nýjar samfélagslegar áherslur
- Tekjuvöxtur Tempo er 18% á árinu. Áskriftartekjur aukast um 37% frá fyrra. Félagið er fjárhagslega sterkt og undirbúið fyrir frekari vöxt.

### Jón Björnsson forstjóri Origo hf:

„Árangur Origo árið 2020 er góður og að baki er ár þar sem frábært samstillt átak starfsfólks skilar góðum rekstri í viðskiptaumhverfi sem ekkert okkar hefur upplifað áður. Tekjur félagsins jukust um 15% og EBITDA\* félagsins nam 1.245 mkr, sem er aukning frá fyrra ári. Mikill afkomubati er á notendalausnasviði félagsins og vel hefur tekist til að halda góðri afkomu á hugbúnaðarsviðum þess. Afkoma af rekstrarþjónustu er viðunandi miðað við breytingar í umhverfinu en aukin stærðarhagkvæmni er nauðsynleg til að bæta afkomu af slíkrri þjónustu. Félagið setti heilsu og öryggi starfsfólks í forgang og vann vel í því að skapa aðstæður svo félagið mætti halda áfram góðum rekstri. Vel útfærð fjarvinnustefna og skilvirk samskipti urðu til þess að góður árangur náðist við stór innleiðingaverkefni og félagið gerði hluti sem líklega hefðu aldrei verið prófaðir við eðlilegar aðstæður.

Hluti af hugbúnaðarsviðum félagsins stóðu frammi fyrir miklum áskorunum í upphafi árs þegar tekjur frá ferðaiðnaði drógust verulega saman, en Origo hafði unnið að nokkrum nýsköpunarverkefnum í stafrænum ferðalausnum. Félagið tók stefnumarkandi ákvörðun að halda áfram að fjárfesta í ferðavörum og vera tilbúið þegar ferðaiðnaðurinn tekur við sér að nýju en starfsmenn færðust einnig yfir í verkefni þar sem meiri eftirspurn var eins og í heilbrigðislausnum og verkefnum tengdum stafrænum umbreytingum. Þannig tókst félaginu að snúa þeim rekstri við á seinni helmingi ársins.

Á árinu er Origo einna stoltast af verkefni tengdu landamæraskimun, sýnatöku og bólusetningum en þar var félagið í lykhlutverki og sýndi hversu vel má treysta því að vinna flókin og umfangsmikil verkefni hratt og vel. Fyrirtækið átti einnig einstakt ár þegar kemur að innleiðingu fjárhagskerfa, bankalausna og mannauðs- og launalausna hérlandis á sama tíma og Applicon, sænskt dótturfélag Origo, átti metár í tekjum.

Sífelld fleiri viðskiptavinir sjá hag sínum betur borgið með útvistun í stað þess að reka sína eigin innviði þegar kemur að upplýsingatækni og sér Origo vaxandi eftirspurn eftir slíkrri þjónustu. Miklar umbreytingar eru að eiga sér stað í rekstrarþjónustu tæknifyrirtækja í kjölfar aukinna áherslu á skýjaþjónustu. Origo leggur áherslu á að fylgja eftir þessum breytingum. Markmið félagsins er ekki að reka gagnaver, heldur að vera sterkur samstarfsaðili sem býður landfræðilegan aðskilnað á kerfum og gögnum. Origo leggur áherslu á að geta tekið við þjónustu og rekið hana fyrir viðskiptavini, hvort sem hún er hýst á Íslandi eða hjá erlendum skýjum. Samhliða er félagið í stöðugri umbótavinnu við að auka sjálfvirkni og hagkvæmni í rekstrarþjónustu en mikil þörf er að ná stærðarhagkvæmni svo hægt sé að ná meira en viðunandi arðsemi af slíkrri þjónustu.

\* Leiðrétt fyrir einskjótiskostnaði

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 28. JANÚAR 2021

[origo.is/um-origo/fjarfestar/](http://origo.is/um-origo/fjarfestar/)

Skilyrði fyrir sölu á notendabúnaði hafa verið hagfelld s.l. mánuði og skilar það, ásamt breyttum áherslum í rekstri, mjög viðunandi arðsemi á því sviði. Töluverð áskorun að tryggja búnað til viðskiptavina vegna vöruskorts á heimsvísu en þekking og sterk sambönd við samstarfsaðila gerðu gæfumun. Söluaukning notendabúnaðar er rúm 20%, annað árið í röð. Flutningur sölu frá hefðbundinni verslun yfir á netið hefur skilað 152% veltuaukningu netverslana Origo samhliða því að fjárfesting félagsins í Tölvutækni á s.l. ári, og mikil þekking á hljóð- og myndlausnum skilar Origo góðum árangri.

Tempo, sem er hlutdeildarfélag Origo, hefur átt ágætt ár. Það er að einhverju leyti lítað af Covid 19 en einnig af breytingum er stuðla að því að geta sett félagið í næsta vaxtarfasa. Viðskiptavinir félagsins nema nú rúmlega 20.000 fyrirtæki og undirliggjandi er góð veltuaukning í áskriftartekjum og skýr áhersla á áframhaldandi tilfærslu úr miðlægum umhverfum í skýjalaun.

Við erum sátt við niðurstöðu ársins 2020. Aðstæður í kjölfar Covid 19 voru þess eðlis að fyrirtækið þurfti að aðlaga sig hratt að nýjum veruleika. Það tókst með samstilltu átaki starfsfólks. Nýjar vinnuaðstæður og breytingar á umhverfi viðskiptavina voru þess eðlis að enduhugsa þurfti allt vinnulag sem og að margar einingar tókust á við miklar breytingar á tekjusetningu. Finna þurfti ný tækifæri og samhliða sinna aukinni eftirspurn á fjölmörgum sviðum. Mest af þessu þurfti að eiga sér stað í fjarvinnu.

Origo hefur tekið fyrstu skref í að skerpa samfélagslegar áherslur sínar en félagið hefur mikinn hug á því að ná enn frekari árangri þegar kemur að jafnrétti kynjanna, eflingu nýsköpunnar, ábyrgri neyslu, umhverfismálum, heilsu og vellíðan starfsfólks.

Origo er spennt fyrir verkefnum 2021. Vissulega eru óvissumerki í efnahagslífinu en verkefnastaða félagsins í hugbúnaði er góð og umhverfið almennt hagfelld fyrir fyrirtæki í upplýsingatækni, hvort sem eru í þróun hugbúnaðar eða sölu notendabúnaðar.“

## Rekstrarreikningur

Í milljónum ISK	1.10.-31.12. 2020	1.10.-31.12. 2019	%	2020	2019	%
Seldar vörur og þjónusta	4.906	4.336	13,1%	17.062	14.845	14,9%
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.675)	(3.198)	14,9%	(12.774)	(11.000)	16,8%
<b>Framlegð</b>	<b>1.231</b>	<b>1.139</b>	<b>8,1%</b>	<b>4.288</b>	<b>3.845</b>	<b>11,5%</b>
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	25,1%	26,3%		25,1%	25,9%	
Rekstrarkostnaður	(1.066)	(988)	8,0%	(3.791)	(3.426)	10,7%
<b>Rekstrarhagnaður*</b>	<b>165</b>	<b>151</b>	<b>9,3%</b>	<b>498</b>	<b>419</b>	<b>18,9%</b>
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	3,4%	3,5%		2,9%	2,8%	
Einkisliðir	0	0		(167)	0	
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>165</b>	<b>151</b>		<b>331</b>	<b>419</b>	
Hrein (fjármagnsgjöld) fjármunatekjur	(7)	379		(185)	325	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	72	(57)		132	9	
Tekjuskattur	(29)	(32)		(26)	(74)	
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>202</b>	<b>441</b>		<b>252</b>	<b>678</b>	
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(255)	(351)		156	(222)	
<b>Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins</b>	<b>(53)</b>	<b>90</b>		<b>408</b>	<b>456</b>	
<b>EBITDA*</b>	<b>381</b>	<b>302</b>		<b>1.245</b>	<b>1.006</b>	
<i>EBITDA%*</i>	7,8%	7,0%		7,3%	6,8%	
<b>EBITDA</b>	<b>381</b>	<b>302</b>		<b>1.078</b>	<b>1.006</b>	

- Sala á vöru og þjónustu nam 17.062 mkr árið 2020 samanborið við 14.845 mkr árið 2019 sem er 14,9% hækkun frá fyrra ári. Sala á vöru og þjónustu á fjórða ársfjórðungi 2020 var 4.906 og hækkaði um 13,1% frá fyrra ári.
- Framlegð\* nam 4.288 mkr (25,1%) árið 2020 samanborið við 3.845 mkr (25,9%) árið 2019

\* Leiðrétt fyrir einkisliðum

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 28. JANÚAR 2021  
[origo.is/um-origo/fjarfestar/](http://origo.is/um-origo/fjarfestar/)

- Rekstrarkostnaður\* nam 3.791 mkr (22,2%) árið 2020 samanborið við 3.426 mkr (23,1%) árið 2019
- EBITDA\* nam 1.245 mkr (7,3%) árið 2020 samanborið við 1.006 mkr (6,8%) árið 2019. EBITDA fjórða ársfjórðungs 2020 var 381 mkr eða 7,8% samanborið við 302 mkr og 7,0% á sama tímabili árið 2019
- Hrein fjármagnsgjöld námu 185 mkr árið 2020 samanborið við hreinar fjármagnstekjur upp á 325 mkr árið 2019. Fjármunatekjur árið 2019 litast af slitum á dótturfélaginu Nyherji A/S sem nettast út fyrir Heildarhagnað ársins
- Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga Origo, var 132 mkr árið 2020 en var 9 mkr árið 2019
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé var jákvætt um 156 mkr á árinu 2020 en neikvætt um 222 mkr árið 2019 vegna fyrrgreindra slita á dótturfélagi
- Heildarhagnaður ársins 2020 nam 408 mkr en nam 456 mkr árið 2019. Heildartap á fjórða ársfjórðungi nam 53 mkr samanborið við heildarhagnað upp á 90 mkr árið 2019.

## Efnahagsreikningur

Í milljónum ISK	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir	8.028	7.738
Veltufjármunir	4.336	4.147
<b>Eignir samtals</b>	<b>12.364</b>	<b>11.885</b>
Eigið fé	7.012	6.817
Langtímaskuldir	1.945	1.972
Skammtímaskuldir	3.406	3.095
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>12.364</b>	<b>11.885</b>
Veltufjárhlutfall	1,27	1,34
Eiginfjárhlutfall	56,5%	57,1%

- Fastafjármunir hækkuðu um 290 mkr á árinu. Hækkunin skýrist að mestu af hærri eignarhlut í hlutdeildarfélagi.
- Veltufjármunir hækkuðu um 189 mkr á árinu. Hækkunin stafar af aukningu í handbæru fé og hærri birgðastöðu í lok árs 2020 en á móti kemur til lækkun í viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.
- Eigið fé hækkaði um 195 mkr á árinu 2020. Félagið keypti eigin bréf fyrir 33 mkr á árinu og greiddi arð að upphæð 180 mkr á árinu.
- Langtímaskuldir lækkuðu um 27 mkr á árinu 2020
- Skammtímaskuldir hækkuðu um 311 mkr á árinu 2020 sem stafar aðallega af lækkun í viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum
- Eiginfjárhlutfall er nú 56,5% en var 57,1% í lok árs 2019
- Veltufjárhlutfall er nú 1,27 en var 1,34 í árslok 2019

## Sjóðstreymi

Í milljónum ISK	1.1.-31.12. 2020	1.1.-31.12. 2019
Handbært fé frá rekstri	1.493	629
Fjárfestingarhreyfingar	(620)	(722)
Fjármögnunarhreyfingar	(548)	(2.256)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>325</b>	<b>(2.350)</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	22	0
Handbært fé í ársbyrjun	826	3.175
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>1.173</b>	<b>826</b>

- Handbært fé frá rekstri nam 1.493 mkr í lok árs 2020 samanborið við 629 mkr í lok árs 2019
- Fjárfestingarhreyfingar námu 620 mkr á árinu 2020 samanborið við 722 mkr á árinu 2019
- Fjármögnunarhreyfingar námu 548 mkr á árinu 2020 samanborið við 2.256 mkr á árinu 2019 þegar greiddur var 1.000 mkr arður. Helstu hreyfingar á árinu 2020 var 180 mkr greiðsla arðs, tekin ný langtímalán fyrir 100 mkr, greiddar afborganir að upphæð 64 mkr og leiguskuldbindingar að upphæð 371 mkr
- Handbært fé hækkar um 325 mkr á árinu 2020

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 28. JANÚAR 2021  
[origo.is/um-origo/fjarfestar/](https://origo.is/um-origo/fjarfestar/)**Hluthafar**

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok árs 2020 var 17.357 mkr., lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 39,9 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. desember 2020 voru 435 milljónir og voru hluthafar 536 talsins.

**Kynningarfundur þann 29. Janúar 2021**

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn, föstudaginn 29. janúar. Á fundinum kynna stjórnendur rekstur og afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 08:30 og fer fram í gegnum fjarfundabúnað, en einnig verður hægt að fylgjast með netstreymi af fundinum.

Skráning fer fram hér: <https://www.origo.is/fjarfestakynning>

**Fjárhagsdagatal**

4. mars 2021	Aðalfundur Origo
29. mars 2021	Árshlutauppgjör F1 2021
26. ágúst 2021	Árshlutauppgjör F2 2021
21. október 2021	Árshlutauppgjör F3 2021
27. janúar 2022	Árshlutauppgjör F4 2022
3. mars 2022	Aðalfundur Origo

**Samþykkt árshlutareiknings**

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Origo hf. þann 28. janúar 2021. Uppgjör Origo hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

**Origo hf.**

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Hlutabréf Origo hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu ORIGO.

**Nánari upplýsingar**

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða [gp@origo.is](mailto:gp@origo.is) og Jón Björnsson, forstjóri í síma 693-5000 eða [jb@origo.is](mailto:jb@origo.is)

---

**Til athugunar fyrir fjárfesta**

Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.